

Viðbragðsáætlun – hesthús

Leiðbeiningar

Yfirlitsmynd

Teiknið einfalt yfirlit gripahúsa og merkið með tölustöfum mikilvæga staði.

1. Rafmagnstafla
2. Vatnsinntök (bæði heitt og kalt ef á við)
3. Slökkvarar fyrir ljós
4. Stjórnstöðvar fyrir rafmagnstæki (viftur, glugga o.fl.)
5. Slökkvitæki
6. Gaskútar
7. Eldsneytistankur
8. _____
9. _____

Teiknið einnig inn rúllustæður og gerið grein fyrir heygæðum svo hægt sé að velja rétta heytegund fyrir réttan gripahóp. Dæmi um merkingar:
Útigangshey = Ú
Innihey = I
Hálmur/undirburður = HU

Dagleg verk - leiðbeiningar

Fóðrun

Hversu mikið hey á hver hestur á fá, hvaða hestar fá viðbótarfóður s.s. steinefnablöndu eða köggla og í hvaða magni? Er til staðar vigt til að vigta gróffóður og viðbótarfóður? Ef einhver hross eru í meiri hættu á að fá hrossasótt, en önnur, múkk eða annað fóðurtengt, þá er fínt/nauðsynlegt að það komi fram.

Hirðing og útivist

Ekki er víst að öll hross geti verið saman úti og því ætti að gera lista yfir hvaða hross mega fara saman út í gerði/girðingu. Mjög mikilvægt er að gera grein fyrir því hvort stóðhestar eru í viðkomandi húsi svo hægt sé að viðra þá þegar ekki eru önnur hross í gerðunum í kring. Gott er að merkja stíur með nafni hests, lit hans og fóðurþörfum. Til að greina sundur hross getur verið þægilegt að raka eða klippa einkenni í bak einlitra hrossa sem gætu ruglast, það léttir líka að koma hrossum í réttar stíur aftur eftir útiveru. Mikilvægt er að sá sem er að sinna gripunum fylgist með hófhirðu.

Beitarhólf eða flutningur í sumarhaga

Ef ástandið sem uppi er dregst á langinn þá geta komið upp þær aðstæður að heppilegra sé að hrossin fái að fara í haga eða hólf þar sem gefið er, þá er nauðsynlegt að fá góðar upplýsingar um hvar slík hólf eru. Er einhver sem sér um þau eða þarf að koma brynningu og girðingum upp eftir veturinn? Þetta þarf allt að tilgreina.

Símaskrá

Nauðsynlegt er að setja inn helstu aðila sem þarf að ná í varðandi heilsufar hrossa, hófhirðu, heybirgja, ráðleggingar varðandi fóðrun o.s.frv.

Viðbragðsáætlun – hesthús

Dagleg verk - almennt

Fóðrun

Hirðing og útivist

Fóðrun útigangur (þar sem við á)

Beitarhólf / Flutningur í sumarhaga

Viðbragðsáætlun – hesthús

Símaskrá

Neyðarlínan: 112

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins veitir almenna ráðgjöf t.d. vegna skýrsluhalds: 516-5000

Dýralæknir búsins: _____

Nágranni (nafn – númer): _____

Rafvirki: _____

Pípari: _____

Þjónustuaðili: _____

Þjónustuaðili: _____

Viðbragðsáætlun – hesthús

Yfirlitsmynd af útihúsum

1. Rafmagnstafla
2. Vatnsinntök (bæði heitt og kalt ef á við)
3. Slökkvarar fyrir ljós
4. Stjórnstöðvar fyrir rafmagnstæki (viftur, glugga o.fl.)
5. Slökkvitæki
6. Gaskútar
7. Eldsneytistankur
8. _____
9. _____

Teiknið einnig inn rúllustæður og gerið grein fyrir heygæðum svo hægt sé að velja rétta heytegund fyrir réttan gripahóp. Dæmi um merkingar:
Útigangshey = Ú
Innihey = I
Hálmur/undirburður = HU